

Nefndarálit

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 2014.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar frá 11. nóvember sl. og fengið á sinn fund fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins til þess að fara yfir helstu þætti þess. Einnig hefur nefndin leitað skýringa á einstökum gjaldatulefnum með því að fá fulltrúa velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á fundi nefndarinnar. Þá hefur nefndin fundað með fulltrúum verkefnisstjórnar um höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána.

Nefndin hefur yfirfarið þau erindi sem henni hafa borist. 1. minni hluti gerir breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 16.922,0 millj. kr. til hækkunar gjalda og 16.356,2 millj. kr. til hækkunar tekna á rekstrargrunni.

Áhrif breytinganna á frumvarpið má sjá í eftirfarandi töflu.

Í milljörðum kr.	Fjárlög 2014	Fjáráukalaga- frumvarp	Breytingartillaga 2. umr.	Samtals
Frumtekjur	594,1	56,9	16,4	667,4
Frumgjöld	536,6	10,2	16,6	563,5
Frumjöfnuður	57,4	46,7	-0,2	103,9
Vaxtatekjur	19,0	-0,9	0,0	18,1
Vaxtagjöld	75,5	2,9	0,3	78,8
Vaxtajöfnuður	-56,5	-3,8	-0,3	-60,7
Heildartekjur	613,1	56,0	16,4	685,5
Heildargjöld	612,1	13,2	16,9	642,2
Heildarjöfnuður	0,9	42,9	-0,6	43,2

Með þessum breytingum verður heildarjöfnuður á rekstrargrunni jákvæður um 43,2 milljarða kr. sem er 42,3 milljörðum kr. betri afkoma heldur en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Meginskýringin liggur í hækkun tekjuáætlunar um 72,4 milljarða kr. Í frumvarpinu og breytingartillögunum eru óreglulegar tekjur og gjöld mjög veigamikil og nauðsynlegt að draga fram afkomuna án þeirra liða. Heildarjöfnuður án óreglulegra tekna og gjalda er áætlaður um helmingi lakari en fram kemur í töflunni, eða 22 milljarðar kr.

Frá framlagningu fjáráukalagafrumvarpsins hafa tekjur ríkisins verið endurmetnar í ljósi nýrrar þjóðhagsspár auk endurmats í kjölfar álagningar á lögaðila sem fram fór í október sl. Almennt séð er nokkuð gott samræmi á milli þjóðhagsspár Hagstofu Íslands og þróunar sem lesa má úr innheimtugögnum um einstaka skattstofna.

Í breytingartillögum á tekjuhlið munar mest um sérstakan fjársýsluskatt sem lagður er á öll fjármálafyrirtæki umfram tiltekna veltu og hækkar tekjuáætlun um 13 milljarða kr. vegna

hans og um 5 milljarða kr. vegna hækkunar á tekjuskatti lögaðila. Samtals er hækkunin því 18 milljarðar kr. Það er langveigamesta hækkunin í breytingartillögum á tekjuhlið og hún flokkast öll undir tekjuskatt lögaðila í tekjusundurliðun. Aðrar hækkunir á tekjuhlið eru m.a. 4,7 milljarðar kr. vegna tekjuskatts einstaklinga og 2,4 milljarðar kr. vegna fjármagnstekjuskatts einstaklinga en helstu þættir endurmatsins skýrast af bata á vinnumarkaði, bæði varðandi atvinnustig og launaþróun, hagstæðari innheimtuþróun og hærri fjármagnstekjum einstaklinga en áður var gert ráð fyrir. Tryggingagjöld hækka um 374 millj. kr. af sömu ástæðum. Þjóðhagslegar forsendur hafa þannig breyst umtalsvert í jákvæða átt frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2014.

Á móti vegur að nú er gert ráð fyrir 5 milljarða kr. tekjulækkun frá fyrri áformum um fjárhagsleg samskipti við Seðlabanka Íslands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 26 milljarða kr. tekjufærslu í tengslum við lækkun á skuldabréfi ríkissjóðs við bankann, en nánari athugun á reikningshaldslegri framsetningu lækkunarinnar og endurmat á afkomu bankans bendir til þess að þessar tekjur verði nú 21 milljarður kr. Einnig vegur til lækkunar að gert er ráð fyrir 4 milljarða kr. lækkun á bankaskatti með hliðsjón af álagningu í október.

Aðrar breytingar á tekjuhlið frumvarpsins vega mun minna. Samtals er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs aukist um 22 milljarða kr. en aðrar tekjur minnki um 5,7 milljarða kr. Í heild er því um að ræða 16,4 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu eins og fram kemur í töflunni.

Við gjaldahlið frumvarpsins eru lagðar til mun færri breytingar en á undanförunum árum. Langveigamesta tillagan er 16 milljarða kr. flýting á greiðslum vegna verkefnis um niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána heimila. Upphaflega var gert ráð fyrir að afborgun leiðréttingarlána næmi 16,2 milljörðum kr. á árinu og dreifðist á árin 2014–2017. Því til viðbótar var áætlað að 1,8 milljarðar kr. af leiðréttingunni fælist í sérstökum persónuafslætti sem kæmi til lækkunar á tekjuáætlun ríkissjóðs árin 2015–2018. Þá var gert ráð fyrir 7,4 milljarða kr. vaxtakostnaði sem greiddur yrði til lánastofnana og loks var kostnaður við aðgerðina sjálfa áætlaður um 1 milljarður kr., samtals 80 milljarðar kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að greiðsluflæðinu verði flýtt, m.a. með hliðsjón af áætlun um betri afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári þar sem mest munar um tekjuaukningu vegna fjársýsluskatts. Þannig er gert ráð fyrir að 36 milljörðum kr. verði varið til afborgunar leiðréttingarlána á þessu ári auk þess sem afborganir á árunum 2015 og 2016 verði greiddar í byrjun árs en ekki í árslok eins og áður var ráðgert. Með þessu móti sparast umtalsverður fjármagnskostnaður sem ella hefði verið greiddur til lánastofnana en nýtist nú til frekari leiðréttingar á verðtryggðum húsnæðis-skuldum heimilanna.

Af öðrum breytingartillögum á gjaldahlið munar mest um 442 millj. kr. hækkun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna endurmats á tekjuáætlun ársins. Þá eru tillögur um 329 millj. kr. millifærslu af lið fyrir ófyrirséð útgjöld yfir á einstakar ríkisstofnanir vegna viðbótarkostnaðar þeirra í tengslum við eldsumbrot norðan Vatnajökuls. Um er að ræða áfallinn kostnað í ágúst og september sem talinn er vera umfram það sem viðkomandi stofnanir eru taldar ráða við með fjárheimildum fjárlaga. Rétt er að geta þess að kostnaður af þessu tilfelli fellur til áfram og endanlegur kostnaður vegna eldsumbrotanna liggur ekki fyrir. Því er ekki útilokað að leggja til frekari millifærslur af þessu tagi fyrir 3. umræðu.

1. minni hluti fjárlaganefndar vekur sérstaklega athygli á þeim hluta greinargerðar með frumvarpinu sem fjallar um hlutverk fjárukalaga og frávik frá fjárlögum. Þar kemur m.a. fram að samkvæmt fjárreiðulögum er fjárukalögum fyrst og fremst ætlað að taka til óhjákvæmilegra málefna, svo sem áhrifa nýrra kjarasamninga eða nýrrar löggjafar en ekki til áforma um ný verkefni, aukins umfangs starfsemi eða t.d. rekstrarhalla einstakra ríkisstofnana, enda er mælt fyrir um í lögnum að vísa beri slíkum tillögum um breytingar á fjár-

heimildum til umfjöllunar um fjárlög fyrir næsta fjárlagaár. Þrátt fyrir þessi lagafyrirmæli hefur raunin verið sú að oft hafa komið fram veruleg frávik frá heildargjöldum í fjáruka-
lögum. Þá hefur endanlegt uppgjör ríkisreiknings leitt í ljós enn meiri frávik en komið hafa fram í fjáruka-
lögum viðkomandi árs. Á bls. 52 í greinargerðinni er birt mynd sem sýnir frávik frumútgjalda að frátöldum óreglulegum liðum. Myndin sýnir að gætt hefur tilhneiging-
ar til að taka upp í fjáruka-
lög ýmsar útgjaldaheimildir sem fremur hefði átt að gera ráð fyrir í fjárlögum. 1. minni hluti áréttar mikilvægi þess að spornað sé við þessari þróun með því að beita agaðri vinnubrögðum við gerð og framkvæmd fjárlaga. Reyndar hefur aukið aðhald í ríkisfjármálum sem innleiða þurfti í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 stuðlað að talsvert bættu verklagi að þessu leyti undanfarin ár. Betur má þó ef duga skal en í frumvarpinu núna er að finna fjárveitingar sem eru ekki til fyrirmyndar að þessu leyti.

Sem dæmi um slíkt má nefna 130 millj. kr. framlag til rannsóknarnefnda Alþingis. Fjár-
veitingin er tilkomin vegna þess að áætlanir um verklok tveggja nefnda, um sparisjóðina og um Íbúðalánasjóð, hafa hvað eftir annað brugðist og dráttur á skilum kallað á síaukin útgjöld bæði í fjárlögum og fjáruka-
lögum frá árinu 2011. Umræddar 130 millj. kr. eru lokaframlag af þessu tilefni og nemur þá heildarkostnaður við þessar tvær nefndir um 930 millj. kr. sam-
tals. Þar að auki hefur langstærstur hluti útgjaldanna nú þegar verið greiddur úr ríkissjóði þrátt fyrir að ekki sé búið að samþykkja fjáruka-
lög. 1. minni hluti fjárlaganefndar átelur þessi vinnubrögð en telur engu að síður óhjákvæmilegt að leggja til að tillagan verði sam-
þykkt. 1. minni hluti gerir tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu sjálfu og gerð er grein fyrir einstökum tillögum á gjaldahlið í eftirfarandi skýringum.

Skýringar við breytingartillögur á gjaldahlið.

<p>00-201 Alþingi 5.20 Fasteignir <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i></p>	<p>Gerð er tillaga um að 8 m.kr. framlag sem lagt var til í frumvarpinu falli niður þar sem um er að ræða óverulega fjárhæð í hlutfalli við rekstrarumfang Alþingis í heild.</p>	-8,0
<i>Samtals æðsta stjórn ríkisins -8,0</i>		
<p>02-201 Háskóli Íslands 1.01 Háskóli Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i></p>	<p>Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneyttisstjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárþörf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárhæimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárþörf Jarðvísindastofnunar HÍ 61 m.kr. til að bregðast við ýmsum óhjákvæmilegum viðbótarkostnaði fram til loka september, þ.m.t. verulega auknum kostnaði við starfsmannahald og ferðalög.</p>	61,0
<p>02-210 Háskólinn á Akureyri 1.01 Háskólinn á Akureyri <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Stofnun</i></p>	<p>Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til þess að auðvelda skólanum að fjármagna rannsóknarmisseri fastráðinna kennara, ýmsa stjórnssýslu og stoðþjónustu. Fjárveiting af sama tilefni var í fjárlögum fyrir árið 2013 en var tímabundin og féll niður í fjárlögum fyrir árið 2014.</p>	30,0
<p>02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands 1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i></p>	<p>Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag þar sem skólinn hefur lengi glímt við verulegan rekstrarvanda. Gripið hefur verið til umfangsmikilla hagræðingaraðgerða á árinu og stefnir í að verulegur árangur náist til kostnaðarlækkunar en dregist hefur lengi að taka á rekstri stofnunarinnar. Einskíptiskostnaður sem nemur 15 m.kr. er fyrirséður innan ársins, einkum vegna rektorsskipta, og er tilögunni ætlað að mæta þeim kostnaði.</p>	15,0
<p>02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i></p>	<p>Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag þar sem skólinn hefur orðið fyrir miklum ófyrirséðum kostnaði vegna kals í tünnum Hólastaðar undanfarna tvo vetur sem valdið hefur verulegum aukakostnaði í rekstri skólans þar sem bregðast hefur þurft við með fódurkaupum og endurræktun túna.</p>	5,0
<p>02-319 Framhaldsskólar, almennt 1.90 Framhaldsskólar, óskipt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i></p>	<p>Gerð er tillaga um 35 m.kr. framlag til að mæta tímabundnum erfiðleikum fámennra framhaldsskóla vegna nemendafækkunar. Þetta kemur til viðbótar tillögu um 400 m.kr. framlag til styrkingar á rekstrargrunni framhaldsskóla í frumvarpinu. Í einhverjum tilfellum vega neikvæð áhrif þessa meira en hækkun framlaga á hvern nemanda. Minni skólar (skólar með u.þ.b. 150 ársnemendur eða færri) eiga í meiri erfiðleikum með að mæta afleiðingum nemendafækkunar en stærri skólar og tillögunni er ætlað að koma til móts við þá.</p>	35,0

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra 4,5

1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. framlag til þess að gera Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra kleift að fjármagna a.m.k. 500 klukkustunda túlkapjónustu fyrir heyrnarlausla. Miðað er við að tillagan leysi úr bráðavanda túlkapjónustu til ársloka.

02-971 Ríkisútvarpið -10,0

1.10 Ríkisútvarpið

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. lækkun á 40 m.kr. framlagi sem lagt er til í frumvarpinu og ætlað er að greiða fyrir þjónustu norska fjarskiptafyrirtækisins Telenor árið 2014 vegna stafrænna útsendinga Ríkisútvarpsins um gervihnött. Ríkisstjórnin samþykkti í desember 2013 að leita eftir 30 m.kr. fjárheimild í fjárákögum fyrir árið 2014 og er nú lagt til að framlagið nemi þeirri fjárhæð. Unnið er að varanlegri lausn á málinu af hálfu stjórnvalda.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 140,5**04-844 Umhverfissjóður sjókvíaldis 66,5**

1.10 Umhverfissjóður sjókvíaldis

Lögbundið
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 66,5 m.kr. fjárheimild til stofnunar nýs sjóðs í eigu ríkisins, umhverfissjóðs sjókvíaldis, í samræmi við lög nr. 49/2014, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hafi það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaldis. Með sjóðnum skal greiða kostnað vegna burðarþolsrannsókna, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Reiknað er með að rekstrarleyfishafar í sjókvíaldi greiði 12 SDR árgjald fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi og eiga tekjurnar að renna í sjóðinn en innheimta gjaldsins hófst á yfirstandandi ári. Matvælastofnun skal annast innheimtu gjaldsins en ráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum innheimtu þess. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir 90 m.kr. fjárheimild til sjóðsins vegna tekna af gjaldinu.

Samtals atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 66,5**06-303 Ríkislögreglustjóri 126,0**

1.01 Ríkislögreglustjóri

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárbörf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárbörf almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra 126 m.kr. til að standa straum af ýmsum óhjákvæmilegum viðbótarkostnaði vegna eldgossins og jarðhræringanna fram til loka september, þ.m.t. kostnaði Slysavarnafélagsins Landsbjargar og lögregluembætta við gæslu á svæðinu.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands 36,0

1.90 Landhelgisgæsla Íslands

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisskjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárþörf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárþörf Landhelgisgæslunnar 36 m.kr. til að standa straum af viðbótarkostnaði fram til loka október, að mestu vegna viðbótareftirlits með flugi.

06-651 Vegagerðin 23,5

1.01 Almennur rekstur

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisskjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárþörf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárþörf Vegagerðarinnar 23,5 m.kr. til að standa straum af óhjákvæmilegum kostnaði fram til loka október sem tengist annar vegar verkefnum í tengslum við lokanir að ósk almanna og hins vegar varnarvirkjum við brýr til að draga úr líkum á tjóni við aukna vatnavexti.

06-651 Vegagerðin 0,0

1.07 Þjónusta

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til leiðrétting á fjármögnun 850 m.kr. fjárheimildar sem var flutt af viðfangi framkvæmda á þjónustuviðfang Vegagerðarinnar í frumvarpinu til að mæta uppsöfnuðum halla á vetrarþjónustu með hliðsjón af því að framkvæmdir í tengslum við iðnaðaruppbyggingu á Bakka við Húsavík frestast og ekki fellur til kostnaður vegna þeirra á þessu ári. Breytingin felur í sér að í stað þess að fjárheimildin á þjónustuviðfanginu sé fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði verði hún fjármögnuð með mörkuðum tekjum stofnunarinnar eins og jafnan á við um verkefni af þessum toga. Sjálf fjárheimildin vegna vetrarþjónustunnar verður óbreytt frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 442,0

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög

*Lögbundið**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 442 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög miðað við hlutföll af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni árið 2014. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 572.879 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 1.027.000 m.kr. árið 2014 vegna tekna ársins 2013. Áður hafði verið gerð tillaga í frumvarpinu um 308 m.kr. hækkun á framlagi til sjóðsins og nemur hækkun framlagsins því samtals 750 m.kr. á þessu ári frá gildandi fjárlögum.

Samtals innanríkisráðuneyti 627,5**08-204 Lífeyrstryggingar 0,0**

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega

*Hagrænt eða kerfislaegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyrstryggingar lækki um 241 m.kr. en tekjur af tryggingagjaldi sem varið er til þessara verkefna hækki jafnmikið í samræmi við endurskoðaða áætlun um þróun tryggingagjaldsstofnsins. Fjárheimild liðarins verður óbreytt frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður**20,0**

1.15 Umsýslukostnaður vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að styrkja rekstur Vinnuálastofnunar á yfirstandandi ári þannig að ekki verði dregið jafnmikið úr umfangi hennar og verkefnum eins og áður var gert ráð fyrir.

Samtals velferðarráðuneyti 20,0**09-825 Niðurfærsla á verðtrygðum húsnæðisskuldum heimila****16.000,0**

6.41 Niðurfærsla á verðtrygðum húsnæðisskuldum heimila

Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 16 mia.kr. Tilefnið er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um flýtingu á aðgerðum vegna niðurfærslu á verðtrygðum húsnæðisskuldum heimila. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir fjórum 16,2 mia.kr. afborgunum leiðréttingarlána til fjármálastofnana á árunum 2014-2017 eða sem nemur 64,8 mia.kr. Til viðbótar var gert ráð fyrir að 1,8 mia.kr. af aðgerðunum færdust í gegnum tekjuhlíð ríkissjóðs vegna aukins persónuafsláttar á árunum 2015-2018. Þá var gert ráð fyrir að greiddur yrði 7,4 mia.kr. vaxtakostnaður á árunum 2015-2017 til lánastofnana og að kostnaður við aðgerðina yrði um 1 mia.kr. Samanlagt næmi heildarumfang aðgerðanna 80 mia.kr. Nú er gert ráð fyrir að greiðsluflæðinu vegna þessarar aðgerðar verði flýtt, einkum með hliðsjón af áætlun um betri afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, m.a. vegna mun meiri tekna af fjármálastofnunum en gert var ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Þannig er gert ráð fyrir að 36 mia.kr. afborgun leiðréttingarlána verði greidd til fjármálastofnana á þessu ári auk þess sem afborganir á árunum 2015 og 2016 verði greiddar í byrjun árs en ekki í árslok eins og áður var áformað. Í gildandi fjárlögum er til staðar um 20 mia.kr. fjárheimild vegna aðgerðanna og því er hér lagt til 16 mia.kr. viðbótarframlag. Með þessu er gert ráð fyrir að afborgunum verði lokið í byrjun árs 2016 í stað ársloka 2017 eins og áður var gert ráð fyrir. Með þessari flýtingu í greiðsluflæðinu sparast umtalsverður fjármagnskostnaður sem ella hefði verið greiddur lánastofnunum en hann mun þess í stað nýtast til frekari niðurfærslu á verðtrygðum húsnæðisskuldum heimilanna.

09-989 Ófyrirséð útgjöld**-329,0**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárþörf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samtals er kostnaður þeirra sem að málum hafa komið á þessu ári metinn 329 m.kr. til loka september, sem skiptist þannig á stofnanir:

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra: 126,0 m.kr.
Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands: 61,0 m.kr.
Landhelgisgæsla Íslands: 36,0 m.kr.
Umhverfisstofnun: 11,5 m.kr.
Vatnajökulspjóðgarður: 12,0 m.kr.
Veðurstofa Íslands: 59,0 m.kr.
Vegagerðin: 23,5 m.kr.

Samtals fjármála- og efnahagsráðuneyti 15.671,0

14-211 Umhverfisstofnun	11,5
1.01 Umhverfisstofnun <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárförf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárförf Umhverfisstofnunar 11,5 m.kr. til að standa straum af óhjákvæmilegum viðbótarkostnaði til loka september, þ.m.t. nauðsynlegum tækjakaupum vegna loftgæðamælinga.
14-212 Vatnajökulspjóðgarður	12,0
1.01 Vatnajökulspjóðgarður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárförf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárförf Vatnajökulspjóðgarðs 12 m.kr. til loka september sem er að mestu tilkomin vegna vöktunar og þátttöku í mælingum vísindamanna.
14-412 Veðurstofa Íslands	59,0
1.01 Almennur rekstur <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Í kjölfar eldgosa norðan Vatnajökuls var stofnaður samráðshópur fimm ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá sem var falið að yfirfara fjárförf og kostnað vegna þessara hamfara. Hópurinn fór yfir kostnaðaráætlanir og lagði mat á viðbótarfjárheimildir til sjö stofnana. Samkvæmt þessu mati er fjárförf Veðurstofu Íslands 59 m.kr. til loka september sem tengist að mestu verulega aukinni vinnu og viðveru starfsmanna bæði vegna vöktunar mæla og viðveru á gosslóðum. Einnig hefur verið nauðsynlegt að endurnýja tæki til að geta uppfyllt kröfur almannavarna.
<i>Samtals umhverfis- og auðlindaráðuneyti 82,5</i>	
19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs	322,0
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að vaxtagjöld ríkissjóðs hækki samkvæmt endurskoðaðri áætlun um 322 m.kr. frá því sem reiknað var með í frumvarpinu en nú er gert ráð fyrir að vaxtagjöld nemi 78.776 m.kr. á rekstrargrunni á árinu 2014. Á greiðslugrunni er áætlað að vaxtagjöld nemi 78.034 fyrir árið 2014 og lækki um 778 m.kr. frá frumvarpinu.
<i>Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs 322,0</i>	
<i>Samtals öll ráðuneyti 16.922,0</i>	

1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 17. nóvember 2014.

Vigdís Hauksdóttir,
form., frsm.

Haraldur Benediktsson.

Unnur Brá Konráðsdóttir.

Valgerður Gunnarsdóttir.